



Fréttabréf Knattspyrnuþjálfarafélags Íslands

4. tbl. 2. árg. desember 2000



Knattspyrnuþjálfarar ársins

Á aðalfundi Knattspyrnuþjálfarafélags Íslands 24. nóvember s.l. voru Bjarni Jóhannsson þjálfari Fylkis og Jörundur Áki Sveinsson þjálfari Breiðabliks útnefndir þjálfarar ársins í efstu deild karla og kvenna fyrir árið 2000. Bjarni byrjaði sinn þjálfaraferil hjá Þrótti í Neskaupstað og hefur að auki þjálfað hjá Tindastól, Grindavík, Fram, Breiðablik og ÍBV og er nú þjálfari hjá Fylki. Bjarni stýrði nýliðum efstu deildar í sumar og komu Fylkismenn mjög á óvart í deildinni og þóttu leika mjög skemmtilega knattspyrnu. Þetta er í þriðja sinn sem Bjarni hlýtur þessa útnefningu hjá KþÍ. Jörundur Áki hóf sinn þjálfaraferil hjá Stjórnunni þar sem hann þjálfaði yngri flokka og síðar mfl. kvenna en færði sig um haustið 1997 yfir til Breiðabliks, sem hann stýrði til sigur bæði í deild og bikar í sumar. Báðir hafa þeir Bjarni og Jörundur Áki lokið öllum stigum KSÍ í knattspyrnuþjálfun. Bjarni og Jörundur Áki voru einnig útnefndur þjálfarar ársins á lokahófi knattspyrnumanna í haust. Óskum við þeim félögum til hamingju með sæmdarheitin.

Vel heppnuð þjálfararáðstefna

Laugardaginn 23. september stóð KþÍ fyrir þjálfararáðstefnu í tenslum við úrslitaleik Coca Cola bikarsins í knattspyrnu. Ráðstefnan þótti takast mjög vel og voru þeir þjálfarar sem ráðstefnuna sóttu ánægðir með útkomuna. Sigurður Þórir Þorsteinsson formaður KþÍ setti ráðstefnuna og því næst var Guðmundur Hreiðarsson markmannsþjálfari með fyrirlestur um markmannsþjálfun. Þjálfara liðanna sem léku til úrslita um bikarinn, þeir Ólafur Þórðarson og Kristinn Rúnar Jónsson komu síðan og gerðu grein fyrir undirbúningi liðanna fyrir leikinn og voru síðan spurðir spurninga af þáttakendum á ráðstefnunni. Bjarni Jóhannsson, þjálfari Fylkis kom síðan með fróðlegar tölur um bæði liðin og var farið víða í umræðum um þær. Þá var komið hádegishlé og fór allur hópurinn á Ask við Suðurlandsbraut og borðaði þar. Eftir mat fluttu Atli Eðvaldsson og Logi Ólafsson landsliðsþjálfar erindi um leikaðferðir íslensku landsliðanna. Að loknum erindum Atla og Loga skýrði Guðni Kjartansson Fræðslustjóri KSÍ frá því helsta sem hann heyrði á þjálfararáðstefnu í Sviss fyrir stuttu, þar sem allir landsliðsþjálfararnir í Evrópu auk Fræðslustjóra knattspyrnusambandanna voru saman komnir. Í lokin sagði síðan Guðni stuttlega frá Fræðslukerfi KSÍ og voru ekki allir á eitt sáttir við þá kynningu og ræddi Kristinn Reimarsson sviðsstjóri Fræðslu- og útbreiðslusviðs ÍSÍ um að ekki væri allt sem sýndist í þessum efnunum og það þjálfara að vera vakandi vegna breytinga sem væru að verða á uppbyggingu menntunar þjálfara.

Fréttir . . .

GÓÐUR AÐALFUNDUR

Um 30 þjálfarar mættu á aðalfund KþÍ í Smáranum föstudaginn 24. nóvember s.l. Fundarmenn voru ánægðir með það sem fram fór en auk venjulegra aðalfundarstarfa var boðið upp á léttar veitingar að fundi loknum og mæltist það sérlega vel fyrir.

FJÁRHAGURINN BATNAR

Fram kom í reikningum félagsins sem lagðir voru fram á aðalfundinu að fjárhagur félagsins hefur lagast mikið. Félagsmönnum hefur fjölgað talsvert á undanföllum árum og er nú unnið í því að hafa eitthvað með árgjaldinu á næsta ári, en hvað það verður kemur ekki í ljós fyrr en liður að vori.

STJÓRNIN ENDURKJÖRIN

Á aðalfundinu var kosið um fimm stjórnarmenn og gáfu allir þeir sem í stjórn voru kost á sér til áframhaldandi stjórnasetu. Sigurður Þórir, Magnús og Ómar voru kosnir í stjórn KþÍ til tveggja ára og Jóhann og Njáll kosnir varamenn til eins árs.

SKOÐUNARMENN TIL EINS ÁRS

Félagarnir á skrifstofu KSÍ, þeir Guðni Kjartansson og Birkir Sveinsson voru endurkjörnir sem skoðunarmenn reikninga félagsins til eins árs.

ÖBREYTT ÁRGJALD

Eins og í ár verður árgjald KþÍ 2500 krónur á næsta ári. Sumir höfðu af því áhyggjur þegar árgjaldið var hækkað í vor að færri myndu greiða árgjaldið, en annað hefur komið í ljós og ljóst að knattspyrnuþjálfarar ætla að standa saman að því markmiði að efla félagið, okkur öllum til framdráttar.

HÖRÐUR OG GUÐLAUGUR HLUTU VIÐURKENNINGAR FYRIR ÞJÁLFUN YNGRI FLOKKA FÉLAGA SINNA

Hörður Guðjónsson, Fylki og Guðlaugur Baldursson, FH fengu á aðalfundi KþÍ viðurkenningu fyrir vel unnin störf við þjálfun yngri flokka félaga sinna. Báðir hafa þeir lagt mikinn metnað í þjálfunina og verið knattspyrnuþjálfarastéttinni til söma við störf sín. Til hamingju báðir tveir.



Stjórn KÞÍ

FORMAÐUR

Sigurður Þórir Þorsteinsson
Hs: 567 8028
GSM: 861 9401
siggisoss@hotmail.com

VARAFORMAÐUR

Bjarni Jóhannsson
Hs: 566 8566
GSM: 896 8566
bjarni.j@centrum.is

RI TARI

Elisabet Gunnarsdóttir
Hs: 557 3781
GSM: 899 1276
voff@simnet.is

GJALDKERI

Ómar Jóhannsson
Hs: 565 2761
GSM: 897 3438
omar.johannsson@isfba.is

SPJALDSKRÁRRI TARI

Magnús Pálsson
Hs: 565 0574
GSM: 897 4157
magnusp@islandia.is

VARASTJÓRN

Jóhann Gunnarsson
Hs: 587-2403
GSM: 899-1971
johanng@penninn.is

Njáll Eiðsson

Hs: 552-7131
GSM: 862-5616
sigrunv@itn.is

AÐRAR UPPLÝSINGAR

Knattspyrnuþjálfarafélag Íslands
Brekubæ 1
110 Reykjavík
Stofnað 1970
Kt: 501279-0139
<http://www.toto.is/felog/kthi/>
kthi@isl.is

Fréttabréf KÞÍ - 4. tölublað 2. árgangur desember 2000
Umbröt - Hr. Andri Ómarsson - Prentun: Hugmyndasmíðjan

Skýrsla stjórnar KÞÍ

Ágætu knattspyrnuþjálfarar!

Sunnudaginn 28. nóvember s.l. tók ný stjórn til starfa. Sigurður Þórir hélt áfram sem formaður og á fyrsta fundi nýrrar stjórnar skipti hún með sér verkum. Bjarni Jóhannsson, varaformaður, Elisabet Gunnarsdóttir, ritari, Ómar Jóhannsson, gjaldkeri og Magnús Pálsson spjaldskrárritari. Í varastjórn komu nýir inn, Jóhann Gunnarsson og Njáll Eiðsson

Starfstími þessarar stjórnar hefur því verið eitt ár. Á þessu ári voru haldnir 10 fundir, auk funda þar sem hluti stjórnar hittist til að undirbúa ýmis sérverkefni. Við höfðum sama markmið og í fyrra með lengd stjórnarfunda, þ.e. að hann væri ekki lengri en einn knattspyrnuleikur, þ.e. 90 mínútur.

Í fyrra þegar ég var í sömu embættisverkum og núna lýsti ég yfir miklu stolti af árangrinum á þeim tíma. Það stolt er ekki minna núna. Félagið gaf út fjögur fréttabréf, en öll fréttabréf sem gefin hafa verið út má nú sjá á heimasíðu félagsins sem hefur verið töluvert notuð, matarfundur var haldinn á Naustinu í maí og ráðstefna í tengslum við bikarúslitaleik karla í samvinnu við KSÍ og KHÍ í lok september.

Fjárhagur félagsins batnaði mikið í fyrra og enn meira núna. Það eru um 200 þjálfarar sem greiddu árgjaldið eins og í fyrra. Við í stjórninni erum mjög þakklát fyrir það traust sem er sýnt með því að borga árgjaldið en það er sterkur kjarni sem er í félaginu í gegnum súrt og sætt og félagsmönnum fjölgar stöðugt.

Eftir átta ára viðreisnarstarf erum við loks farin að sjá til sólar í fjármálunum undir öruggri stjórn gjaldkerans Ómars Jóhannssonar. Sjáum við fram á að geta með góðu móti látið eitthvað fylgja með árgjaldinu í framtíðinni. Hvað það verður, bolur, peysa, galli eða eitthvað annað kemur í ljós síðar.

Styrktaraðilar KÞÍ eru: Tóbaksvarnarnefnd, Verðbréfamarkaður Íslandsbanka (VÍB), Íslandsbanki, Íslenskar getraunir, Adidas, Meba, Úrval Útsýn, Frikort og Visa Island. Þökkum við þessum aðilum að sjálsögðu fyrir stuðninginn og vonumst til að eiga samstarf við þá áfram. Það er ekki stefna félagsins að safna sjóðum, heldur láta félagsmenn njóta árangursins

Eins og svo oft áður brugðu margir landi undir fót nú á haustmánuðum. Einnig var gífurlega góð þátttaka á námskeiðum KSÍ. Ómar Jóhannsson og Magnús Pálsson fóru í október á ráðstefnu evrópska knattspyrnuþjálfarafélagsins sem haldin var í Frankfurt í Þýskalandi, ásamt Bjarna Stefáni Konráðssyni, sem fór á eigin vegum. Kristján Guðmundsson og Sigurður Örn Helgason fóru á ráðstefnu í Noregi í tengslum við bikarúslitaleikina í lok október og ýmsir aðrir fóru erlendis sem við höfum ekki frétt af. Sumir hafa nú þegar sent okkur skýrslu um ferðir sínar og erum við afar þakklát fyrir það. Hvetjum við hér með alla sem eiga eftir að senda okkur skýrslu að gera það. Einnig þau sem eiga í förum sínum ritgerðir úr skólum eða námskeiðum KSÍ. Slóðin á heimasíðu KÞÍ er: toto.is/felog/kthi/ Einnig er hægt að komast inn á síðuna í gegnum heimasíðu KSÍ en slóðin á henni er ksi.is. Netfang KÞÍ er: kthi@isl.is.

Samkvæmt lögum Knattspyrnuþjálfarafélags Íslands (3. grein) skulu markmið og tilgangur félagsins vera:

- > að sameina alla knattspyrnuþjálfara í eitt félag.
- > að vinna að hagsmunmálum knattspyrnuþjálfara í hvívetna.
- > að auka áhuga á knattspyrnuþjálfun.
- > að stuðla að því að allir þeir sem starfa við þjálfun, hafi hlotið undirstöðumenntun í knattspyrnuþjálfun.
- > að auka menntun þeirra, er starfa að tilsógn og þjálfun í knattspyrnu.
- > að kappkosta að eiga sem best samstarf við KSÍ og alla þá sem vinna að eflingu og útbreiðslu knattspyrnunnar.
- > að koma á og viðhalda samskiptum við knattspyrnuþjálfarafélög erlendis.

Við höfum lagt okkur fram við að kappkosta að ná þessum markmiðum en þau eru þess eðlis að alltaf er hægt er gera betur.

Að lokum viljum við beina þeim tilmælum til þjálfara að sýna heiðarleika og sanngirni í verki, sín á milli innan vallar, sem utan, ekki veitir af í því mikla og fjölbreytileg starfi sem við sinnum.

Nú er átta ára viðreisnartíð lokið. Það hefur gengið á ýmsu og margir, ekki eingöngu í þessari stjórn, lagt ýmislegt á vogarskálarnar. Nauðsynlegt er að við stöndum öll saman um félagið okkar og gerum það enn sterkara.

Það eru ekki eingöngu stjórnarmenn sem vinna fyrir félagið, heldur eru tengiliðir og hinn almenni félagsmaður mikilvægur hlökkur í KÞÍ. Samvinna þessarar stjórnar hefur verið mjög góð og óskar hún öll eftir endurkjöri sem er mjög sérstakt og sýnir samtakamátt hennar.

<http://www.toto.is/felog/kthi/>

Gunnar Guðmundsson er þjálfarinn . . .

31 árs Íþróttafraeðingur úr Kópavogi. Starfsmaður Barna- og unglingsstarfs UMF. Stjórnunnar í Garðabæ. Lék í yngri flokkum með ÍK og með meistaraflokki félagsins til 1990, alls 73 mfl.leiki. Þjálfarar Vignir Baldursson, Guðjón Guðmundsson og Kjartan Másson. Lék með Víking R. 1991 og varð Íslandsmeistari undir stjórn Loga Ólafssonar. Tímabilin 1991-1996 leikmaður í Þýskalandi hjá liðunum FC Teutonia 05, FC Langenhorn og SV Blankenese, alls 107 deildarleikir. Lék sumarið 1994 með HK í 2. deild undir stjórn Atla Eðvaldssonar. Tímabilið 1996-1997 leikmaður með Víking í 2. deild, þjálfari Aðalsteinn Aðalsteinsson. Tímabilið 1997-1998 leikmaður með Val R í Úrvalsdeild, þjálfari Sigurður Grétarsson. Tímabilin 1998 og 2000 leikmaður með Stjórnumni í 1. og úrvalsdeild, þjálfari Goran Kristófer Micic. Als 64 leikir í efstu og næstefstu deild. Tímabilið 1999 spilaði þjálfari með Leikni Fáskrúðsfirði í 3. deild, 12 leikir. 1 landsleik í U-16.

Nú fer í hönd sá tími þegar við knattspyrnuþjálfarar þurfum að fara að glíma við erfiðar veðuraðstæður og leitum því skjóls í íþróttahúsum og reiðhöllum. Upplagt er að nota þennan tíma til þjálfunar á ymsum tækniþáttum s.s. sendingar/móttökutækni og skottækni. Ég valdi því æfingarnar sem hér fara á eftir með tilliti til árstíma og aðstæðna.



Æfing 1

Tilgangur: Upphitunaræfing sem þjálfar um leið tækni.

Aldur: Hentar fyrir alla aldurshópa.

Svæði: 20x20.

Útskýring: Helmingur hópsins dreifir sér fyrir utan reitin og heldur á bolta hinn helmingurinn er inn í reitnum. Leikmenn inn í reit hlaupa á milli þeirra sem fyrir utan eru og fá boltanum kastað til sín eftir þöntun, t.d. "á kassan", "hausinn", "ristina" o.s.frv. Þeir skila síðan boltanum á viðeigandi hátt til baka á þann sem kastaði. Gott er að skipta um hlutverk á ca. 2. mín. fresti.



Æfing 3

Tilgangur: Bæta sendingar-, móttöku- og skottækni.

Aldur: Unglinga- og meistaraflokkar.

Svæði: 35 metrar milli marka.

Útskýring: Æfingin fer fram hjá báðum hópum samtímis. A sendir langa háa og nákvæma sendingu á B sem sendir í fyrstu snerntingu áfram á C. C tekur boltann með sér stutt til hliðar og lætur skotið ríða af. B færist í stöðu C, C til A og A til B.

Æfing 2

Tilgangur: Bæta einfalda sendingartækni og móttöku.

Aldur: 5. flokkur og uppúr.

Svæði: Þrýhyrningur, ca. 20 metrar milli keilna.

Útskýring: B mætir A og skilar sendingunni frá A aftur til baka, snýr strax og hleypur út fyrir keiluna sem hann byrjaði á. A tekur við sendingunni frá B og sendir nákvæma sendingu í hlaupið frá B og tekur svo stöðu B. B tekur við sendingunni frá A á ferðinni og skilar honum á C sem kemur á móti o.s.fv.



HUGMYND prentar fréttabréf KPÍ